

Ameríku. Hefi eg hitt margan manninn, sem var að veslast upp og að dauða kominn austurfrá, en þegar hingað kemur er sem yngist þeir upp og nái nýjum kröftum og fjöri. Þeir fara að hamast og vinna og rjúfa merkur og skóga. Og engan hefi eg enn þá fundið, sem hefir sagt að sig langaði austur aftur.

Fólk er hér óþístað, djarfmannlegt og frjálslegt. Sagði kona ein við mig, er eg gat þess, að það væri mjög eðlilegt, því að hér væri engin klerkurinn að sitja á mönnum eða ógna þeim með píslum helvítis; lá mér við að brosa, er eg heyrði það, en nærrí lá að eg væri henni samdóma, og grunur minn er sá, að ædimargir hér muni hugsa á þessa leið. Þeim stendur einhver stuggur af þessum heilögum mönnum, og er eins og fari um þá hryllingur, þegar þeir eru nefndir.

Eg var á kvennfélagssamkomu einni rétt eftir að eg kom. Var þar margt manna, eg held fast að þemur hundruðum. Hefi eg aldrei séð fríðari hóp af löndum jafnstóran. Þar voru ræður og upplestur og söngur, svo tombóla og seinast dans. Fór samkoman ágætlega fram. Á prógráminu voru börn, sem sungu tvö og tvö saman, þetta frá 12—14 ára gömul og sungu mikil laglega. Forsetinn var kona ein ung, eða réttara sagt ekkja, flutti hún ræðu og kvæði og mæltist bæði vel og sköru-lega. Hafði kvennfélagið eithvað 100 dollara hreinan ágóða af samkomunni.

Í hús eitt kom eg til fólks, sem eg aldrei hafði séð áður, og furðaði mig er eg sá þar bókaskáp stóran og í honum hina beztu „Encyclopaedia“, sem eg hefi nokkru sinni séð, frá árinu 1904.—Eg hefi eina sjálfur í 20 bindum, en þessi er miklu betri. Hefir hún víst kostað ærna peninga. Drengirnir unnu á millunni, en vildu þó afla sér fróðleiks þess, sem hægt væri, og það sýnist vera svo hér á ströndinni, að menn og konur vilji bjarga sér sjálf.

Til Marietta fór eg einusinni og var þar nær viku og átti að mæta ágætis viðtökum. Sama er að segja um mienn þar og hér, að það er einhver djarflyndis og frelsissvipur yfir uppliti þeirra og allri framkomu. Eg flutti þar messu eina, og komu flestir eða því nær allir, sem þar voru til af löndum. Tvisvar